Nr. 19.
13.
sept.

# Lög

um

## próf í gufuvjelafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hver sá, er staðizt hefur hið meira stýrimannapróf á stýrimannaskólanum í Reykjavík, getur krafizt þess að hann sje reyndur í gufuvjelafræði, þegar próf er haldið á skólanum.

2. gr.

Til prófs þess, sem getur um í 1. grein, útheimtist þekking á því, er nú skal greina: Undirstöðuatriðum aflfræðinnar og hitafræðinnar, sjerstaklega að því er snertir eðli vatnsgufunnar og hagnýting hennar til vinnu; gufuvjelum þeim, sem nú tíðkast mest, ásamt kötlum og því, er þeim fylgir; hestaafli gufuvjela; meðferð gufuvjela; framknýingu og kolaeyðslu; helztu hlutum skips og skiptingu þess í vatnsheld hólf; tæmingaráhöldum og slökkvitólum; ryði og vörnum gegn því; hjálparvjelum á skipum og lagaákvæðum um gufuskip, er snerta trygging á lífi manna og gózi.

3. gr.

Prófið er að eins munnlegt og skal haldið opinberlega af prófnefnd, og skal fyrir því standa sá af nefndarmönnum, sem landshöfðingi skipar sem oddvita. Í prófnefndinni er hinn fasti kennari við skólann og tveir menn aðrir, er landshöfðingi setur til þess í hvert skipti, annan eptir uppástungu stiptsyfirvaldanna, en hinn eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

4. gr.

Stjórnarráð Íslands setur ákvarðanir þær, sem með þarf viðvíkjandi tilhögun á prófinu.

Þeim, sem prófið hefur tekið, skal veitt skírteini um það, og skal þar telja hinar lögboðnu kröfur til prófsins, og tilgreina í tölum einkunn þá, sem gefin er, og jafn-

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 19. 13de Septbr.

om

## Prøve i Maskinlære ved Navigationsskolen i Reykjavik.

**Vi Christian den Niende**, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov

§ 1.

Enhver, der har bestaaet den mere fuldstændige Styrmandseksamen ved Navigationsskolen i Reykjavik, kan, naar Styrmandseksamen afholdes ved Skolen, begære sig prøvet i Maskinlære.

§ 2.

Til den i § 1 ommeldte Prøve udfordres Kundskab i: Begyndelsesgrundene i mekanisk Fysik og Varmelære, særlig Vanddampenes Egenskaber og deres Benyttelse til at udføre Arbejde; Nutidens mest brugte Dampmaskiner med Kedler og Tilbehør; Maskinens Hestekraft; Maskinens Behandling; Fremdrivning og Kulforbrug; Skibets Hoveddele og vandtætte Inddeling; Lænsnings- og Slukningsmidler; Rustdannelse og Midler derimod; Skibets Hjælpemaskiner; Lovbestemmelser om Dampfartøjer vedrørende Sikkerhed for Menneskeliv og Gods.

§ 3.

Prøven, der kun er mundtlig, afholdes offentlig af en Eksamenskommission under Ledelse af den af Kommissionens Medlemmer, som af Landshøvdingen beskikkes til Formand. Kommissionen bestaar af den faste Lærer ved Skolen og 2 andre af Landshøvdingen efter Forslag, for den enes Vedkommende af Stiftsøvrigheden, for den andens af Byraadet i Reykjavik, hver Gang dertil udnævnte Mænd.

§ 4.

De fornødne Bestemmelser om Prøvens Afholdelse fastsættes af Ministeriet for Island.

For bestaaet Prøve erholder Eksaminanden et Bevis, som underskrives af alle Kommissionens Medlemmer, og som skal indeholde de for Prøven lovbestemte Krav,

Nr. 19. 13. sept. framt bæði hina lægstu tölu, er útheimtist til að standast prófið, og hina hæstu tölu, sem unnt er að ná við það, og skulu allir nefndarmenn undirskrifa skírteinið.

Nöfn þeirra, sem undir próf ganga, skal rita í bók, sem til þess er löguð og stiptsyfirvöldin geyma; skal í henni skýrt frá fullu nafni hvers eins, fæðingarstað og fæðingardegi, svo og frá einkunn þeirri, sem gefin var við prófið.

5. gr.

Hver sá, er staðizt hefur próf það, er um er greint í lögum þessum, á kost á að fá viðaukaskírteini það um þekkingu á gufuvjelum, er getur um í 12. gr. laga um atvinnu við siglingar frá 26. október 1893.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 13. september 1901.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

den afgivne Karakters Talværdi, samt det højeste og laveste Karaktertal, der gives for bestaaet Prøve. Nr. 19. 13de Septbr.

Eksaminandernes Navne indføres i en dertil indrettet Protokol, som opbevares af Stiftsøvrigheden, og som indeholder for hver især af Eksaminanderne: hans fulde Navn, Fødested, Fødselsdag og -aar og den ved Eksamen givne Karakter.

§ 5.

Enhver, der har bestaaet den i nærværende Lov omhandlede Prøve, kan erholde det i Lov om Sønæringen af 26de Oktober 1893 § 12 ommeldte Tillægsbevis for Maskinkyndighed.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 13de September 1901.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***Alberti.***

---

**Ministeriet for Island, den 13de September 1901.**

***Alberti.***

*Ólafur Halldórsson.*